Sþ. **300. Tillaga**

til þingsályktunar um setningu og veitingu læknisembætta.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson og Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi lýsir því yfir, að það álítur rjett, að stjórnin fari að því er snertir setning og veiting læknisembætta eftir því, sem hlutaðeigandi hjeraðsbúar óska, þar sem meiri hluti alþingiskjósenda í einhverju læknishjeraði lýsir yfir skriflega ákveðnu fylgi við ákveðinn umsækjanda.